

1864. klerkum, sem þar eru, að halda framvegis nokkra slíka opin-
29. júní. bera guðshjónustugjörð, sem hér er um rætt.

29. júní. **52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um álnatal í hundruðum eptir hinni nýju jarðabók.**

Með bréfi 29. marzm. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt frá héraðs-prófastinum í Dalasýslu; í því ber hann sig upp yfir úrskurði amtmannsins í vesturumdæminu, er lýtur að því, að í jarðarhundruðunum í jarðabókinni frá 1864 séu ekki, eins og áður hefir verið, 120 álnir, heldur aðeins 100 álnir í hverju hundraði; hafð þér skýrt frá, að þér hafð svarað prófastinum, að það megi álitast öldungis vafalaust, að hið nýja jarðamat ekki hafi gjört neina breyting á hinni gömlu reglu um, að 120 álnir séu í hundraði, og að þér hafð boðið honum að gæta þess, að kirkjutíundin af jörðunum sé heimtuð samkvæmt þessu, en beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvað rétt beri að álíta í þessu efni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörði það, að stjórnarráðið fellt á álit yðar og ráðstafanir í þessu efni.

30. júní. **53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir flutning sakamanns.**

Í bréfi dagsettu 12. d. marzm. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, borði undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar ágreining, sem orðið hefir millum yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um borgun 30 ríkisdala fyrir flutning á fanganum Guðlaugi Þórðarsyni í októbermánuði f. á. úr Eyjafjarðarsýslu til Reykjavíkur, þaðan er átti að senda hann til Kaupmannahafnar til að þola hér í einhverju hegningarhúsi